

Um styrkþega Afreks- og hvatningarsjóðs stúdenta Háskóla Íslands 2025

Aron Haraldsson brautskráðist frá Menntaskólanum í Reykjavík í vor og hlaut viðurkenningu fyrir góðan árangur í efnafræði og líffræði. Hann hefur æft fjölda íþrótta og hefur m.a. keppt með landsliðinu í hnefaleikum en hann lét einnig að sér kveða í félagslífi MR-inga. Aron hefur mikinn áhuga á húsbyggingum og hefur því innritað sig í umhverfis- og byggingarverkfræði.

Ágústa Rún Jónasdóttir brautskráðist frá Menntaskólanum í Kópavogi í vor og hlotnuðust við það tækifæri viðurkenningar fyrir góðan árangur í stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði. Hún hefur æft handbolta frá fimm ára aldri og leikur með Val. Hún varð í vor deildarmeistari, Íslandsmeistari og Evrópumeistari með meistaraflokkum liðsins. Ágústa hefur jafnframt leikið með yngri landsliðum Íslands í greininni og tók í sumar þátt í Evrópumóti U-19 landsliða. Ágústa hefur hafið nám í lyfjafræði.

Álfrún Haraldsdóttir útskrifaðist frá Menntaskólanum við Hamrahlíð í vor og hlaut verðlaun fyrir góðan námsárangur í efnafræði og stærðfræði og raungreinum almennt. Hún hefur lengi haft áhuga á stærðfræði og hefur tekið þátt í stærðfræðibúðunum Stelpur diffra í HÍ, bæði sem nemandi og aðstoðarkennari. Álfrún hefur verið í Ólympíuliði Íslands í greininni undanfarin tvö ár en henni bauðst einnig að taka þátt í landsliðunum í efnafræði og eðlisfræði í ár. Álfrún hefur einnig verið í sirkusstörfum frá barnsaldri. Álfrún hefur innritað sig í stærðfræði.

Árni Stefán Friðriksson brautskráðist frá Menntaskólanum á Akureyri í vor með afar góðum árangri. Hann keppti fyrir hönd MA í spurningakeppninni Gettu betur í tvö ár og komst m.a. í úrslit keppinnar með liðinu í vor. Árni hefur stundað fjölbreyttar íþróttir og m.a. keppt í blaki með Blakfélaginu Rimum á Dalvík. Árni hefur innritast í vélaverkfræði.

Bergur Fáfniir Bjarnason var dúx Flensborgarskólans í Hafnarfirði við útskrift í vor og hlaut fjölmörg verðlaun fyrir námsárangur, þar á meðal Menntaverðlaun HÍ. Hann hefur æft sund frá unga aldri og er margfaldur Íslandsmeistari og Íslandsmethafi í yngri aldursflokkum auk þess að synda með íslenska landsliðinu. Hann tók m.a. þátt í Smáþjóðaleikunum í Andorra í vor þar sem hann vann til

verðlauna. Bergur var einnig í landsliðinu í efnafræði í ár og tók þátt í bæði Norrænu efnafræðikeppninni og Ólympíukeppninni í efnafræði í sumar. Bergur hefur hafið nám í efnaverkfræði.

Brynja Guðmundsdóttir brautskráðist frá Fjölbrautaskólanum í Ármúla í vor með afar góðum árangri og hlaut m.a. viðurkenningu fyrir aðstoðarkennslu og framúrskarandi árangur í efnafræði. Hún hefur mikinn áhuga á rannsóknum tengdum líffræði, frumum og sameindum og hefur því innritað sig í lífefna- og sameindalíffræði.

Elín Elmarsdóttir Van Pelt lauk stúdentsprófi frá Kvennaskólanum í Reykjavík vorið 2024 og fékk verðlaun fyrir framúrskarandi námsárangur í eðlisfræði. Hún hefur æft skíði frá átta ára aldri og varð Íslandsmeistari í stórsvigi 2024. Þá hefur hún náð góðum árangri á erlendum mótum og er efst íslenskra kvenna á heimslista í svigi og næstefst í stórsvigi. Hún stefnir ótrauð á að ná lágmörkum fyrir Vetrarólympíuleikana í Cortina 2026. Elín hefur hafið nám í verkfræðilegri eðlisfræði.

Erik Nikolaj Gokov brautskráðist frá Menntaskólanum við Hamrahlíð í vor og lagði í námi sínu mikla áherslu á raun- og náttúrufræðigreinar. Hann tók þátt í félagsstarfi MH-inga með bæði myndatökum og vefvinnslu á vegum nemendafélags skólans. Sökum mikils áhuga á raungreinum hefur Erik innritað sig í stærðfræði með eðlisfræði sem kjörsvið.

Erna María Helgadóttir lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík í vor og hlaut ýmis verðlaun við útskriftina, m.a. fyrir framúrskarandi árangur í þýsku, ensku og fornfræði og grísku. Erna hefur stundað hljóðfæranám um árabíl og hefur sigrað í Upptaktinum, tónsköpunarverðlaunum barna og ungmenna. Áhugi Ernu á fornfræði hefur skilað henni í nám í klassískum málum.

Fannar Grétarsson útskrifaðist frá Verzlunarskóla Íslands í vor og hlaut verðlaun í stærðfræði og eðlisfræði við útskrift. Hann hefur undanfarin tvö ár verið í landsliðinu í eðlisfræði og keppt fyrir hönd Íslands á Evrópuleikum og Ólympíukeppnum síðustu tvö sumur. Fannar hefur innritast í verkfræðilega eðlisfræði.

Fjóla Gerður Gunnarsdóttir brautskráðist frá Menntaskólanum við Hamrahlíð í vor og hlaut verðlaun fyrir afburðaárangur í bæði íslensku og heimspeki. Fjóla æfði körfubolta með KR í 11 ár og þjálfar nú 8-9 ára stelpur í greininni. Hún á enn fremur að baki landsleiki með öllum yngri landsliðum Íslands í íþróttinni. Fjóla hefur enn fremur flutt pistla í bæði Lestinni og Tengivagninum á Rás 1. Fjóla hefur hafið nám í íslensku.

Guðmundur Brynjar Þórarinnsson útskrifaðist vorið 2024 frá Menntaskólanum í tónlist og státar af framhaldsprófi í trompetleik. Hann tók einnig áfanga í Menntaskólanum við Hamrahlíð og var þar virkur í félagslífi, m.a. með spurningaliði skólans og Málfundafélaginu. Hann hefur auk þess komið að fjölmörgum nemendasýningum ásamt því að leika með Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Stórsveit Reykjavíkur. Þá varð hann í þriðja sæti í Músíktílaunum í vor með Big Bandi Eypórs. Guðmundur hyggst halda áfram tónlistarnámi en hefur jafnframt innritast í sálfræði í HÍ.

Guðrún María Aðalsteinsdóttir útskrifaðist vorið 2023 frá Menntaskólanum á Akureyri þar sem hún fékk viðurkenningu fyrir framúrskarandi námsárangur á stúdentsprófi. Samhliða skólanum æfði Guðrún golf og lærði á píanó og fiðlu og hefur lokið framhaldsprófi í píanóleik. Guðrún hefur innritast í nám í tannsmíði.

Hafey Hvítfeld Garðarsdóttir brautskráðist frá Verkmenntaskólanum á Akureyri í vor með góðum árangri en við útskrift hélt hún m.a. ræðu fyrir hönd kandiðata. Hún hefur mikinn áhuga á listum og lagði m.a. stund á tónlistarnám á yngri árum. Þá hefur hún tekið þátt í ýmiss konar listsýningum. Hafey hefur innritast í grunnskólakennaranám með áherslu á náttúrugreinar.

Hekla Sif Óðinsdóttir brautskráðist frá Flensborgarskólanum í Hafnarfirði í vor og var semídux. Hún fékk m.a. raungreinaverðlaun og viðurkenningu fyrir ágætan árangur í stærðfræði ásamt verðlaunum fyrir framúrskarandi árangur í ensku og spænsku. Hekla tók virkan þátt í félagsstarfi skólans og lék til að mynda aðalhlutverk í leiksýningunni Engin venjuleg ávaxtakarfa. Þá hefur hún sungið á tónleikunum Jólagestum Björgvins og sigrað í Söngvakeppni Hafnarfjarðar. Hekla hefur innritast í tannlæknisfræði.

Hrafn Ingi Jóhannsson brautskráðist frá Verzlunarskóla Íslands í vor með þriðju hæstu aðaleinkunn útskriftarárgangsins. Hrafn var virkur í félagslífi Verzlunga og hefur auk þess æft handbolta af kappi um árabil. Hrafn státar af ýmsum verðlaunum í greininni í yngri flokkum og þá hefur hann einnig æft með meistaraflokki Gróttu og var í ár valinn íþróttamaður æskunnar hjá félaginu. Hrafn hefur hafið nám í vélaverkfræði.

Inga Júlíana Jónsdóttir brautskráðist frá Verzlunarskóla Íslands í vor og var dúx skólans. Hún hlaut m.a. verðlaun fyrir framúrskarandi árangur í dönsku og líffræði. Inga hefur æft fótbolta með Fjölni í yfir tíu ár og á einnig að baki tónlistar- og leiklistarnám. Inga hefur innritað sig í lögfræði.

Isabella Tigist Felekesdóttir var dúx Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu við útskrift í vor og hlaut viðurkenningar fyrir góðan árangur í spænsku, íslensku og félagsgreinum. Hún var afar virk í félagslífi skólans og tók auk þess þátt í Erasmus+ og Nordplus-verkefnum á meðan á námi stóð. Isabella hefur hafið nám í félagsfræði.

Katrín Edda Jónsdóttir lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Egilsstöðum vorið 2024 með hæstu meðaleinkunn í sögu skólans. Fótbolti er hennar aðaláhugamál og Katrín spilar með sameinuðu liði FHL á Austurlandi í Bestu deild kvenna. Þá hefur Katrín stundað tónlistarnám og var í Gettu betur liði ME í tvö ár. Katrín hefur hafið nám í rafmagns- og tölvuverkfræði.

Kristinn Rúnar Þórarinnsson var dúx Fjölbautaskólans í Breiðholti við útskrift í vor og hlaut m.a. verðlaun fyrir árangur í raungreinum, íslensku, hæstu útskriftareinkunn af húsasmíðabraut og stúdentsbraut. Samhliða náminu í FB stundaði Kristinn nám í saxófónleik við Menntaskólann í tónlist og hefur tekið þátt í alls kyns samspilsverkefnum í gegnum tíðina. Kristinn hefur jafnframt lokið sveinsprófi í húsasmíði en hann hefur nú nám í jarðeðlisfræði við HÍ.

Marín Aníta Hilmarsdóttir útskrifaðist úr Tækniskólanum í desember árið 2023 og fékk verðlaun fyrir framúrskarandi árangur í faggreinum í fatatækni og besta árangur á stúdentsprófi af fagbraut. Marín er afreksíþróttakona í bogfimi og hefur bæði unnið Íslands- og Norðurlandameistaratitla í greininni og stefnir á að vera fyrsti Íslendingurinn til að taka þátt í bogfimi á Ólympíuleikum. Hún hefur einnig verið í sjálfboðavinnu fyrir Kattholt. Marín hefur hafið nám í geislafræði.

Nói Pétur Ásdísarson Guðnason var semidúx við útskrift úr Verzlunarskóla Íslands vorið 2024. Hann náði góðum árangri í ýmsum samkeppnum innan framhaldsskólanna, m.a. á sviði frönsku, tölfræði og frumkvöðlafræði, og var auk þess mjög virkur í félagslífi Verzlunga, þar á meðal liðsstjóri í Gettu betur liði skólans í tvö ár. Núi hefur hafið nám í lögfræði.

Rawaa M S Albayyouk brautskráðist frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti í vor og varð semidúx. Rawaa hlaut viðurkenningar fyrir bestan árangur í stærðfræði og í íslensku sem öðru máli, auk sérstakrar viðurkenningar frá Soroptimistaklúbbi Hóla og Fella fyrir frábæran námsárangur. Rawaa hefur hafið nám í tannsmíði.

Sigrún Klausen lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík vorið 2024 og hlaut fjölda viðurkenninga fyrir framúrskarandi námsárangur, þar á meðal í dönsku, íslensku, sögu, frönsku og stærðfræði. Samhliða námi í MR stundaði Sigrún fiðlunám og hefur hún lokið framhaldsprófi í fiðluleik. Hún hefur gegnt hlutverki konsertmeistara í Sinfóníuhljómsveit Tónlistarskólanna, verið meðal sigurvegara í tónlistarkeppninni Nótunni og leikið einleik með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna. Sigrún hefur hafið nám í uppeldis- og menntunarfræði.

Sigurður Baldvin Ólafsson útskrifaðist úr Menntaskólanum í Reykjavík í vor og fékk m.a. verðlaun fyrir framúrskarandi árangur í eðlisfræði, stærðfræði og efnafræði ásamt viðurkenningu fyrir ágætiseinkunn. Sigurður hefur náð afar góðum árangri í raungreinakeppnum framhaldsskólanna og var í landsliðinu í eðlisfræði í ár og fyrra. Þá tók hann einnig þátt í Eystrasaltskeppninni í stærðfræði fyrir hönd Íslands í ár. Sigurður hefur hafið nám í læknisfræði.

Snædís Hekla Svansdóttir brautskráðist frá Fjölbrautaskólanum við Ármúla í desember 2023 og var dúx skólans en hún lauk stúdentsprófi á tveimur og hálfu ári. Við útskrift hlaut hún viðurkenningar fyrir góðan árangur í ítölsku, íslensku og félagsgreinum. Listsköpun hefur verið stór hluti af lífi Snædísar sem hefur unnið fjölbreytt listaverk, bæði málverk og skúlptúrverk, og sýnt þau. Þá var Snædís einnig virk innan stjórnar nemendafélags FÁ. Snædís hefur innritað sig í lögfræði.

Sóley Margrét Jónsdóttir lauk stúdentspróf frá Verkmenntaskólanum á Akureyri árið 2024 með afar góðum árangri. Hún er landsliðskona í kraftlyftingum og hefur æft íþróttina í áratug. Hún varð bæði heims- og Evrópumeistari fullorðinna í greininni í fyrra ásamt því að setja heimsmet unglunga í samanlögðum árangri. Þá varð hún í öðru sæti í kjörinu á íþróttamanni ársins í fyrra ásamt því að vera valin

kraftlyftingakona ársins og íþróttakona Breiðabliks. Sóleyju finnst gaman að starfa með fólki og hefur því innritast í félagsráðgjöf.

Theódór Helgi Kristinsson lauk stúdentsprófi við Fjölbrautaskólann í Breiðholti vorið 2024 og var dúx skólans. Theódór hefur verið í píanónámi frá árinu 2008 og stundar nú einnig nám við Menntaskólann í tónlist. Theódór hefur innritast í tölvunarfræði.

Uyen Thu Vu Tran brautskráðist frá Fjölbrautaskólanum í Ármúla í vor og hlaut viðurkenningu fyrir mjög góðan árangur í viðskipta- og hagfræðigreinum. Uyen flutti hingað til lands í miðjum COVID-19-faraldri og þurfti því að tileinka sér íslenska tungu samhliða framhaldsskólanámi. Uyen stefnir á að vinna innan fjármálageirans í framtíðinni og hefur því innritað sig í viðskiptafræði.

Vala Katrín Guðmundsdóttir lauk stúdentsprófi frá Verzlunarskóla Íslands í vor og var semidúx skólans. Hún hlaut verðlaun fyrir framúrskarandi árangur í raungreinum og náði á menntaskólagöngunni góðum árangri í landskeppni í efnafræði. Vala hefur æft fótbolta frá sjö ára aldri, er fyrirliði 2. flokks Fjölnis og leikur einnig með meistaraflokki liðsins. Þá státar hún einnig af miðprófi í píanóleik. Vala hefur hafið nám í læknisfræði.

Valdís Katla Sölvadóttir útskrifaðist frá Menntaskólanum við Hamrahlíð í vor með góðum árangri. Hún lagði stund á dans og fimleika í fjölmörg ár. Hún tók þá ákvörðun í menntaskóla að verða sjávarlíffræðingur og vann m.a. lokaverkefni um nýja flokkunarfræði háhyrninga í Norður-Kyrrahafi. Hún hefur því innritað sig í líffræði við Háskóla Íslands.